

9. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er af hreppsnefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps, er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Samþykktin tekur gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 10. febrúar 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 92/2003, um meistaranám við lyfjafræðideild Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglnanna:

Fyrirsögn greinarinnar verður: Meistaránámsnefnd lyfjafræðideildar.

Í stað orðsins „Rannsóknánámsnefnd“ í upphafsmálslið greinarinnar kemur: Meistaránámsnefnd.

Í stað orðsins „meistaránámsnefndir“ í 2. másl. greinarinnar kemur: undirnefndir um meistaranám einstakra stúdenta sbr. 10. gr.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4., 5. og 7. og 11. og 12. gr. reglnanna:

Í stað orðsins „rannsóknánámsnefnd“ í þessum greinum kemur: meistaranámsnefnd.

Í stað orðsins „rannsóknánámsnefndar“ í þessum greinum kemur: meistaranámsnefndar.

Í stað orðsins „bóklegu“ í síðasta málslið 12. gr. kemur: fræðilegu.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. reglnanna:

Fyrirsögn greinarinnar breytist og verður: Meistaranefndir.

Greinin verður svohljóðandi:

Heimilt er að skipa meistaranefnd um meistaranám einstaks stúdents sem skipuð er þremur sérfróðum mönnum og skal einn þeirra vera umsjónarkennarinn. Í þeim tilvikum þar sem umsjónarkennari er ekki leiðbeinandi skal sá síðarnefndi einnig sitja í meistaranefnd. Meistaránámsnefnd lyfjafræðideildar skipar meistaranefndir. Hlutverk meistaranefndar er að fylgjast með að framgangur námsins sé í samræmi við námsáætlun og tryggja fagleg gæði rannsóknvinnunnar í samræmi við reglur deildarinnar. Meistaranefnd skal árlega skila stuttri skýrslu um framvindu námsins til meistaránámsnefndar lyfjafræðideildar. Að öllu jöfnu skal ekki skipuð meistaranefnd vegna stúdenta sem eru í fræðilegu meistaranámi, enda hefur meistaránámsnefnd lyfjafræðideildar umsjón með þeim.

4. gr.

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundum í lyfjafræðideild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 67. og 68. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 5. febrúar 2004.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

Nr. 151

13. febrúar 2004

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um lánaflokka Íbúðalánasjóðs, nr. 458/1999,
sbr. reglugerðir nr. 1000/2001 og nr. 333/2003.**

1. gr.

2. tölul. 2. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Lán til byggingar eða kaupa á sambýlum fyrir fatlaða.

2. gr.

III. kafli reglugerðarinnar, sem hefur fyrirsögnina **Lán til byggingar eða kaupa á sambýlum fyrir fatlaða**, orðast svo:

a. (10. gr.)

Tilgangur.

Lán skv. 2. tölul. 2. gr. er heimilt að veita einstaklingum, félögum, sveitarfélögum og félagasamtökum sem fengið hafa starfsleyfi félagsmálaráðherra fyrir rekstur sambýlis, sbr. 10. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992, með síðari breytingum, til að byggja eða kaupa sambýli fyrir fatlaða.

b. (11. gr.)

Lánsfjárhæð og veðrymi.

Við ákvörðun lánsfjárhæðar skal taka tillit til fjármagns frá Framkvæmdasjóði fatlaðra, úr ríkissjóði og frá sveitarfélögum þannig að lán frá Íbúðalánasjóði og annað fjármagn frá opinberum aðilum verði samanlagt aldrei hærra en 90% af kaupverði eða byggingarkostnaði.

Veðrymi Íbúðalánasjóðs miðast við allt að 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði. Miða skal við 90% af brunabótamati ef það er lægra.

c. (12. gr.)

Umsóknir.

Umsækjendur um lán skulu senda umsóknir sínar til Íbúðalánasjóðs og leggja fram þær upplýsingar sem sjóðurinn telur nauðsynlegar til undirbúnings afgreiðslu þeirra, þar með talda staðfestingu félagsmálaráðherra á starfsleyfi.

Lán samkvæmt þessum kafla skulu því aðeins veitt að fyrir liggja rökstuddar upplýsingar um þörf fyrir framkvæmdir, studdar gögnum frá hlutaðeigandi stjórnvaldi um málefni fatlaðra.